



ERINDISBRÉF

Fjölmenningaráðs

Stjórnskipuleg staða

Fjölmenningarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar heyrir undir velferðarnefnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Verkefnastjóri fjölmenningar, inngildingar og jafnréttismála er starfsmaður ráðsins og ritar jafnframt fundargerðir þess.

Skipan, seturéttur á fundum og áheyrnaraðild

Í fjölmenningarráði eiga sæti fimm fulltrúar, tveir kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

- Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara að loknum kosningum.
- Þrír fulltrúar eru tilnefndir úr samfélaginu af verkefnastjóra fjölmenningar, inngildingar og jafnréttismála, þvert á atvinnulíf, fræðslu- og frístundamál og velferðarmál. Þeir íbúar sem tilnefndir eru skulu vera innflytjendur. Ef forföll verða hjá þessum fulltrúum skal verkefnastjóri boða varamann úr röðum varamanna kosnum af bæjarstjórn.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar velur og skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Skipunartími ráðsins fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast

Auk kjörinna fulltrúa eiga bæjarstjóri og sviðsstjóri velferðarsviðs, rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað. Að loknum sveitarstjórnarkosningum heldur ráðið þó umboði sínu þar til nýkjörin bæjarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bæjarstjórn sætti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hlutverk og verkswið

Megin hlutverk fjölmenningarráðs er að móta stefnu í fjölmenningarmálum sveitarfélagsins og fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið ráðsins. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar við hagsmunasamtök hópsins, vinna að stefnumótun og gera tillögur til bæjarráðs sem varðar verkswið þess. Megin markmið ráðsins er að koma málefnum innflytjenda í sveitarfélaginu á framfæri, skapa vettvang til samskipta og stuðla að fjölmenningarlegu samfélagi. Meðal verkefna fjölmenningarráðs er eftirfarandi:

- Að gera tillögu til velferðarnefndar og bæjarstjórnar um markmið og stefnu sveitarfélagsins í málefnum nýrra íbúa.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar í málaflokknum nái fram að ganga.
- Að vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum og teymum Sveitarfélagsins Hornafjarðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni íbúa sem eru innflytjendur.

- Fjölmenningarráð er vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru innflytjendur, félagasamtaka, atvinnulífs og bæjaryfirvalda.
- Að stuðla að kynningu þjónustu stofnana sveitarfélagsins og eflingu félagsauðs.

Fjölmenningarráð er verkefnisstjóra fjölmenningar, inngildingar og jafnréttismála og Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar til ráðgjafar og aðstoðar varðandi viðburði tengdum fjölmenningu og stuðla að auknum sýnileika innflytjenda í öðrum viðburðum sem haldnir eru í sveitarfélaginu. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

Starfshættir

Um starfshætti undirnefnda og ráða bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar er fjallað í VI. kafla í samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Fjölmenningarráð kemur saman á fast ákveðnum fundartíma annan hvorn mánuð, formaður stýrir fundi. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi ráðsins að fenginni tillögu bæjarstjóra. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir ráðsmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að summarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Ráðið getur auglýst einstaka fundi sína opna, en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess, sem ekki á seturétt á fundinum. Þá getur ráðið staðið fyrir kynningarfundum vegna starfa sinna eða þeirra verkefna sem til umfjöllunar eru, og skulu slíkir fundir öllum opnir.

Starfsmaður ráðsins sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir ráðið. Hann útbýr í samráði við formann rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum, varamönnum og öðrum sem seturétt eiga á fundum ráðsins. Starfsmaður kemur undirritaðri fundargerð til velferðarnefndar og skal hún tekin á dagskrá næsta fundar velferðarnefnd. Ályktanir til bæjarstjórnar og bæjarráðs skulu ætíð sendar bæjarstjóra í sérstöku erindi sem starfsmaður ráðsins útbýr. Kjörnir fulltrúar sem kosnir eru af bæjarstjórn og valdir af starfsmanni velferðarsviðsfá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín samkvæmt samþykkt um kjör og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og njóta fræðslu og stuðnings, þ.m.t. tálkaþjónustu eftir því sem þörf er á.

Eftirfylgni

Velferðarnefnd og starfsmaður ráðsins bera ábyrgð á framkvæmd þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið á hverjum tíma varðandi málefni fjölmenningar. Formaður og aðrir fulltrúar fjölmenningarráðs skulu snúa sér til bæjarstjóra til að fylgja eftir þeim ákvörðunum og samþykktum sem ekki eru alfarið á verksviði ráðsins að framfylgja.

Réttindi og skyldur ráðsmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu, þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Um hæfi nefndarmanna í fjölmenningarráði gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Um hæfi starfsmanna gildir II. kafli stjórnsýslulaga nr. 37/1993.



Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal fjölmenningarráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið þess. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

*Samþykkt í bæjarráði Hornafjarðar 30. júní 2026**
Hjalti Þór Vignisson
Bæjarstjóri

**Samkvæmt 7. mgr. 32. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella á meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur. Samkvæmt 351. fundi bæjarstjórnar Hornafjarðar þann 4. júní 2026 fer bæjarráð með fullt umboð til afgreiðslu mála á meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, frá og með 16. júní 2026 til 20. ágúst 2026*